

## Umsátur víkinga í Barda árið 943

### Lýsing á skaðanum sem Rús og afkvæmi þeirra ollu

Þeir eru mikil þjóð, stórvaxnir og afburða hugrakkir. Þeir þekkja ekki ósigur og enginn þeirra gefst upp fyrr en hann hefur drepíð, eða er drepinn. Hver þeirra ber, ásamt vopnum sínum, tól handverksmannsins; exi, sög, hamar og þvíumlíkt. Þeir berjast með spjótum og skjöldum, eru gyrtir sverðum og hengja á sig lensu og eitthvað sem líkist stórum rýtingi. Þeir berjast fótgangandi, sérstaklega þessir innrásarmenn. Þannig sigldu þeir yfir hafið sem liggur að landi þeirra og upp fljót eitt mikið sem nefnist Kúr og á upptök sín í fjallendinu í Azerbaijan og Armeníu og rennur þaðan til sjávar. Þetta er áin nærri Barda, sem líkja má við Tígris. Þegar þeir stigu á land hittu þeir fyrir liðsforingjann Marzuban, sem var ríkisstjóri Barda og hafði yfir að ráða þrjú hundruð Dailamítum og svipuðum fjölda Su'luka og Kúrda. Hann hvatti einnig almúgann til að grípa til vopna og um fimm þúsund sjálfboðaliðar gengu til liðs við hann, ólmir í að verjast innrásarliðinu. Þeir mátu stöðuna hins vegar ekki rétt þar sem þeir þekktu ekki styrk Rús; höfðu búist við að þeir yrðu svipaðir viðureignar og Grikkir eða Armenar. Þegar þeir mættust í bardaga leið ekki klukkustund áður en Rús höfðu gert hatramma árás og brotið her Barda-manna á bak aftur. Sjálfboðaliðarnir og hermennirnir lögðu á flótta en Dailamítarnir, sem reyndu að halda uppi vörnum, voru brytjaðir í spað nema þeir sem voru ríðandi. Rús eltu flóttaliðið inn í bæinn og lögðu hann undir sig en þaðan flúði hver einasti sem hafði hest til reiðar, hvort sem það var borgari eða hermaður.

Abu 'l-'Abbas ibn Nudar og nokkrir áreiðanlegir og vel upp-

lýstir menn tjáðu mér að Rús hefðu gert eftirfarandi kunngjört þegar þeir ruddust inn í bæinn: „Það er ekkert ósætti okkar í millum vegna trúar, við viljum einungis taka stjórnina í okkar hendur. Það er skylda okkar að koma vel fram við ykkur og það er skylda ykkar að hlýða okkur.“ Þá var ráðist að þeim úr öllum áttum en Rús-menn gerðu gagnárás og hröktu alla á brott. Þegar múslimarnir réðust að Rús hrópuðu íbúar Barda „Allahu akbar“ (guð er mestur) og köstuðu grjóti í átt að þeim. Rús kröfðust þess að íbúar Barda hefðu sig hæga og blönduðu sér ekki í mál þeirra og soldánsins.<sup>1</sup> Yfirstéttin tók þessu heilræði en almúginn og hinir lægst settu gátu ekki hamið sig og fengu útrás með því að ráðast að Rús. Að nokkrum tíma liðnum lýstu þeir því yfir að íbúar Barda fengju þrjá daga til að hafa sig á brott. Allir sem höfðu einhverja skepnu til reiðar fyrir sig, konur sínar og börn, yfirgáfu bæinn. Þetta var hins vegar aðeins lítill hluti íbúanna. Þegar fjórði dagurinn rann upp var meirihluti þeirra enn í bænum; Rús lögðu þá til þeirra með sverðum og vógu ótölulegan fjölda fólks. Eftir hroðaverkið settu þeir yfir tíu þúsund karlmenn, drengi og konur í bönd, eiginkonur og dætur. Þeir komu kvenfólki og börnum fyrir í virki einu í bæ sem nefnist Shahrstan, þar sem þeir höfðu komið sér upp bækistöðvum. Karlmennina færðu þeir í moskuna á staðnum, settu verði við útganginn og hvöttu þá til að kaupa sér frelsi gegn lausnargjaldi.

Þessari góðu ráðagerð höfnuðu íbúar og voru í kjölfarið myrtir, ásamt því sem eigum þeirra og annarra fjölskyldumeðlima var rænt. Í Barda bjó kristinn kirkjunnar maður, Ibn Sam'un, sem þekktur var fyrir góða dómgreind. Hann fékk hlutverk samningamanns og gerði samkomulag við Rús um að hver maður yrði leystur úr haldi fyrir 20 dirhama.<sup>2</sup> Hinir vitrari meðal múslimanna samþykktu þetta en aðrir andmæltu á þeim forsendum að Ibn Sam'un ætlaði sér að leggja sama nefskatt á múslima og kristna.<sup>3</sup> Ibn Sam'un rifti þá samningunum en Rús slógu aftökum á frest í þeirri von að fá þessa

1 *Soldán* er hér notað sem yfirheiti fyrir stjórn múslima á svæðinu en ekki einhvern ákveðinn soldán.

2 *Dirham* er arabísk silfurmynt, venjulega um 2,7 gr. að þyngd.

3 Arabíska orðið hér er *jizya*, sem var notað yfir skatt sem aðrir en múslimar greiddu fyrir að fá að halda sínum trúarbrögðum. Mögulega er hér þó verið að vísa í lausnargjaldið sem áður er getið, þar sem hvers konar eingreiðsla gat kallast *jizya*, og samkvæmt íslömskum lögum voru líf mismunandi trúarhópa metin misháu verði.

smámuni út úr gíslum sínum. Þegar þeir sáu að lausnargjaldið skilaði sér ekki gripu þeir til vopna og drápu alla, utan nokkurra sem tókst að flýja út um vatnsrennu sem lá inn í moskuna og svo þeirra sem áttu sjóði til að kaupa sig frjálsa. Einstaka múslimi samdi við einn af Rús-mönnunum um lausnargjald og fór með honum heim og sýndi honum eigur sínar. Ef í ljós kom að þær voru meiri en lausnargjaldið sem samið hafði verið um leyfði Rúsmaðurinn honum ekki að halda þeim, jafnvel þótt þær væru mörgum sinnum verðmætari en umsamin upphæð og þrýsti á þar til hann hafði náð öllu af múslimanum. Einungis þegar innrásarmaðurinn var sannfærður um að ekkert væri eftir, hvorki gull né silfur, rúmbúnaður eða föt, sleppti hann gísl sínum, og lét honum í té leirplötu með stimpli á, sem átti að tryggja honum öryggi. Á þennan hátt komust Rús yfir gríðarmiklar eignir. Þá héldu þeir eftir konum og ungum drengjum, sem þeir hnepptu í hald og svöluðu losta sínum á.

Þegar ljóst varð hvers lags hörmungar voru að eiga sér stað, og þegar múslimar víða um lönd heyrðu af þeim, var hvatt til liðsöfnunar og haldið í herleiðangur. Marzuban b. Muhammad safnaði liði sínu og brýndi aðra til þátttöku. Sjálfboðaliðar streymdu alls staðar að en þótt hann hefði yfir þrjátíu þúsund manna liði að ráða tókst honum ekki að veikja lið Rús. Hann gerði atlögu að þeim kvölds og morgna en þurfti jafnan frá að hverfa. Þannig hélt bardaginn áfram í marga daga og ávallt biðu múslimarnir lægri hlut.

Þegar múslimunum og Marzuban varð ljóst að þeir réðu ekki við Rús hugðu þeir á nýtt herbragð. Svo vel vildi til að þegar Rús réðust inn í Barda átu þeir mikið af alls kyns ávöxtum sem þar vaxa. Margir víkinganna veiktust af því að borða þá þar sem þeirra heimaslóðir eru kaldar; þar vaxa engin tré og þeir fáu ávextir sem þeir kynnast eru fluttir inn frá fjarlægum löndum. Þegar menn í þeirra liði tóku að týna tölunni lagði Marzuban á ráðin um að sitja fyrir þeim að næturlagi. Her hans myndi gera skyndiárás og þegar Rús svöruðu fyrir sig ættu þeir að flýja til að kveikja í þeim von um að þeir gætu sigrað lið múslimanna. Því næst, þegar Rús væru komnir framhjá þeim stað þar sem setið var fyrir þeim, myndu Marzuban og menn hans snúa við og gera árás og gefa umsátursmönnum merki með herópi sem þeir sammæltust um. Þegar Rús væru þann-

ig króaðir inni á milli tveggja hersveita myndu múslimarnir ná þeim á sitt vald.

Morguninn eftir að þetta var ákveðið héldu Marzuban og hans lið til bardaga og Rús komu til móts við þá. Leiðtogi þeirra kom ríðandi á asna og liðsmenn hans fylgdu á eftir og tóku sér stöðu. Og þá upphófst atburðarásin. Marzuban og múslimarnir flýðu með Rús á hælum sér allt að umsátursstaðnum – en múslimarnir héldu áfram að koma sér undan.

Marzuban sagði síðar frá því að þegar hann sá liðsmenn sína missa kjarkinn og að allar hans einlægu fortölur hefðu verið til einskis vegna óttans sem Rús höfðu vakið í brjósti þeirra hafi hann áttað sig á því að ef þessu héldi fram myndu Rús ganga fram á umsátursmennina þegar þeir sneru til baka og gjörsigra þá. „Þá,“ sagði hann, „sneri ég sjálfur við ásamt aðstoðarmönnum mínum og bróður, ákveðinn í að deyja sem píslarvottur.“ Aðrir liðsmenn hans skömmuðust sín þá og sneru líka við, réðust að Rús og ráku upp heróp að umsátursmönnum sem streymdu að og börðust hetjulega, drápu sjö hundruð þeirra og þar á meðal leiðtogann. Restin hörfaði aftur í virki í bæ einum þar sem þeir höfðu komið sér fyrir en þangað höfðu þeir flutt nokkuð af vistum og þar héldu þeir föngum sínum og herfangi.

Á meðan Marzuban sat fyrir þeim, í þeirri von að þeir myndu með tímanum gefast upp, bárust honum þær fréttir að Abu Abdallah Husayn b. Sa‘id b. Hamdan væri kominn til Azerbaijan<sup>4</sup> og hefði náð borginni Salmas. Þar hefði hann ásamt mönnum sínum gengið til liðs við sveitir Kúrdans Ja‘far b. Shakkuyah sem leiddi her Hadayan-ættbálkanna. Marzuban afréð þá að láta einn liðsforingja sinna berjast við Rús ásamt fimm hundruð Dailamítum, fimmtán hundruð kúrdískum stríðsmönnum á hestum og tvö þúsund sjálfboðaliðum. Sjálfur hélt hann til Auran til fundar við Abu ‘Abdallah.

...

Liðsmenn Marzubans sátu áfram um Rús og börðust við þá þar til fór að draga af hinum síðarnefndu. Þegar einhver meðal þeirra féll grófu þeir hann með vopnum sínum, klæðum og gripum og einnig

<sup>4</sup> Hér er ekki átt við landið Azerbaijan eins og það liggur í dag heldur mun stærra svæði sem nær einnig yfir hluta af Norðvestur-Íran.

konu hans eða einhverjum kvenmanni úr þeirra röðum eða ambátt ef hún var með honum. Þetta er siður þeirra. Þegar Rús höfðu ekki lengur yfirhöndina tóku múslimarnir að opna grafir þeirra og sóttu úr þeim allmörg sverð sem enn í dag eru mjög eftirsótt, enda afar beitt og vönduð.

Mikið mannfall hafði orðið í liði Rús og að næturlagi yfirgáfu þeir virkið þar sem þeir höfðu sett upp búðir og báru á bakinu allt sem þeir gátu af þeim fjársjóði, gimsteinum og dýrum klæðum sem þeir höfðu rænt og brenndu það sem þeir neyddust til að skilja eftir. Þeir drógu á eftir sér það sem þeir gátu af kvenfólki, drengjum og stúlkum og héldu í átt að ánni Kúr þar sem skip þeirra lágu tilbúin með áhöfn og þrjú hundruð Rús-mönnum sem þeir höfðu haldið uppi með hluta af herfangi sínu. Þeir fóru um borð og sigldu í burtu og Guð bjargaði múslimunum frá þeim!

Ég heyrði stórfenglegar sögur af þessum Rús-mönnum frá fólki sem hafði orðið vitni að bardagafærni þeirra og hversu þeir litu niður á sveitir múslimanna sem hugðust berjast gegn þeim. Þekkt saga á svæðinu, sem ég hef heyrt frá mörgum, segir af fimm Rús-mönnum sem voru saman komnir í garði einum í Barda ásamt nokkrum konum sem þeir höfðu tekið til fanga. Einn þeirra, skegglaus ungur maður og ljós yfirlitum, var sonur eins af leiðtogum þeirra. Þegar múslimarnir komust að því hvar þeir voru niðurkomnir umkringdu þeir garðinn og stór hópur Dailamíta og annarra sveita fylktu liði til að berjast gegn þeim. Þeir reyndu allt hvað þeir gátu að taka einhvern þeirra til fanga en án árangurs því að enginn þeirra vildi gefast upp og ekki tókst að koma höggi á þá fyrir en þeir höfðu drepð mörgum sinnum fleiri múslima en þeir voru sjálfir. Skegglausi ungi maðurinn var sá eini sem lifði áhlaupið af. Þegar hann gerði sér grein fyrir að hann myndi verða tekinn til fanga klifraði hann upp í tré eitt og margstakk sig með sverði þar til hann féll dauður niður.

*Þórir Jónsson Hraundal þýddi úr arabísku*